

Sniðmát fyrir afgreiðslu sveitarfélags

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar fundaði hinn 10. desember 2020 og samþykkti að falla frá kröfum mat á umhverfisáhrifum vegna seiðaeldisstöðvar að Eyjarlandi, Bláskógabyggð. Því staðfestist eftirfarandi:

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 hefur sveitarstjórn Bláskögabyggðar farið yfir tilkynningu framkvæmdaraðila og kynnt sér aðstæður og áætlanir framkvæmdaraðila. Niðurstaða sveitarstjórnar Bláskögabyggðar er að útgáfa starfsleyfis vegna 19,9 tonna fiskeldis í seiðaeldisstöðinni að Eyjarlandi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður.

Reykholti, 2. febrúar 2021



Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri

